



Reykjavík, 20. nóvember 2018  
VEL 2018110016  
342. fundur  
RÁ/kg.

Lagt fyrir fund velferðarráðs 21. nóvember 2018

## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Tillaga um innheimtu gistináttagjalds hjá öðrum sveitarfélögum í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar*

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að innheimta gistináttagjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar, kr. 17.500 fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur. Gjaldið verði innheimt ársfjórðungslega og fjárhæð taki breytingu miðað við vísitölu neysluverðs.

### Greinargerð:

Reykjavíkurborg rekur tvö neyðargistiskýli fyrir húsnæðislausu einstaklinga, Gistiskýlið að Lindargötu, sem ætlað er húsnæðislausum karlmönnum og Konukot, sem rekið er í samstarfi við Rauða krossinn í Reykjavík er ætlað húsnæðislausum konum. Dvöl í neyðargistiskýlum er tímabundin á meðan unnið er að lausn á húsnæðisvanda gesta í viðkomandi sveitarfélagi.

Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur fá aðgang að Gistiskýlinu og Konukoti á meðan húsrúm leyfir, þó þannig að gætt er að öryggi gesta og starfmanna hverju sinni. Reykjavíkurborg stendur straum af kostnaði vegna þjónustunnar og er hún einstaklingnum að kostnaðarlausu.

Gistiskýlið hefur verið rekið á vegum Reykjavíkurborgar frá árinu 1969. Samhjálp rak Gistiskýlið á grunni þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar til ársins 2015. Í dag er Gistiskýlið til húsa á Lindargötu og er rekið af Reykjavíkurborg. Gistiskýlið er næturskjól til einnar nætur í senn og er rými fyrir 25 karla. Það er opið alla daga frá kl. 17.00 til kl. 11:30 daginn eftir en möguleiki er fyrir einstaklinga sem eru mjög slæmir til heilsu að dvelja yfir daginn. Í boði er kvöldhressing og morgunmatur fyrir dvalargesti. Gisting og máltíðir eru ókeypis.

Konukot er næturathvarf fyrir heimilislausar konur, úrræðið hefur verið rekið frá árinu 2004. Reykjavíkurborg Rauða krossins rekur Konukot á grunni samnings og

kröfulýsingar við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Konukot er næturskjól til einnar nætur í senn og er rými fyrir átta konur en auk þess eru fjögur neyðarrými. Konukot er opið frá kl. 17.00 til kl. 10:00 daginn eftir. Boðið er upp á léttan kvöldverð og morgunverð. Dvalargestir geta þvegið af sér og farið í bað, auk þess sem konurnar geta fengið fatnað, allt að kostnaðarlausu.

Einstaklingar sem nýta Gistiskýlið og Konukot njóta þjónustu Vettvangs- og ráðgjafarteymis þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða (VoR-teymið). Í þeim tilvikum sem einstaklingar eru með lögheimili utan Reykjavíkur hefur VoR teymið og/eða starfsmenn neyðarskýlanna samband við viðkomandi sveitarfélag og upplýsa um dvöl einstaklinga. Áhersla er lögð á að viðkomandi einstaklingur fái þjónustu og ráðgjöf frá lögheimilissveitarfélagi og að unnið sé markvisst að húsnæðisvanda þeirra.

Á árinu 2017 dvöldu 17 karlmenn í Gistiskýlinu með lögheimili utan Reykjavíkur í alls 93 nætur eða 9% gesta með 1% gistinátta. Á tímabilinu janúar til júlí er fjöldinn fimm og gistinæturnar 31 eða 9% gesta með 3% gistinátta.

Á árinu 2017 dvöldu 44 konur með lögheimili utan Reykjavíkur í Konukoti í alls 689 nætur eða 40% gesta og hlutfall gistinátta 23%. Á tímabilinu janúar til október 2018 er fjöldinn 23 í alls 387 nætur eða 23% gesta með 14% gistinátta.

Reykjavíkurborg hefur, án framlags frá öðrum sveitarfélögum, staðið undir kostnaði við rekstur neyðargistiskýlanna frá því að til þeirra var stofnað þó ljóst sé að einstaklingar utan Reykjavíkur hafi notið þjónustunnar. Í júní 2017 var undirritaður samningur ~~um~~ við Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar um að veita einstaklingum með lögheimili í Hafnarfirði neyðargistingu og samanstað í skamman tíma meðan verið er að leita lausna á húsnæðisvanda. Lagt er til að slíkt gjald verði nú innheimt hjá öðrum sveitarfélögum vegna íbúa þeirra. Auk rekstrarkostnaðar, þ.e. kostnaðar við gistingu, þrif, húsbúnað og máltíðir, sem hefur verið reiknaður á 12.500 kr., verði einnig innheimt umsýslugjald vegna vinnu starfsfólks og utanumhalds. Rétt er að áætla það 30% ofan á rekstrarkostnað. Heildargjald fyrir hverja nótt verði því 17.500 kr.

Regína Ásvaldsdóttir

Sviðsstjóri